

Umgjörð í kringum leiki yngri flokkanna

Einn fulltrúi, í það minnsta, frá flokksráði eða á vegum þess, fylgir liði í hvern einasta leik á Íslandsmóti. Hans/þeirra hlutverk eru eftirtalin:

a) Sér um samskipti við mótherjana eða vallaryfirvöld á leikstað ef upp koma vandamál sem kalla á slíkt. T.d. yfirvofandi seinkun eða frestun á leik, vallarskilyrði eða búningasklefar ekki sem skyldi, eða annað sem upp á kann að koma.

b) Sér um úthlutun búninga ásamt þjálfara. Lykilatriði er að leikmenn rífi ekki búninga uppúr töskum, heldur séu þeim afhentir búningarnir eða þeir hengdir upp fyrirfram, eftir því hvaða hátt viðkomandi telur bestan. Fylgst með að búningum sé skilað eftir leik og það sé gert snyrtilega, þeim ekki kastað ranghverfum á gólfið, heldur lagðir snyrtilega í búningatösku eða við hlið hennar og frágangur á þeim geri þeim sem þvo þá sem auðveldast fyrir. Stuðla að því og leggja áherslu á að borin sé virðing fyrir keppnisbúningi BÍ88.

c) Sér um útfyllingu á leikskýrslu, í samvinnu við þjálfara, þar sem lykilatriði er að kennitölur séu réttar og greinilega skrifaðar, sem og að byrjunarlið sé skráð rétt og varamenn sömuleiðis. Lætur fyrirliða skrifa undir og kvittar sjálfur fyrir á leikskýrslu sem forráðamaður liðs.

d) Er við hlið þjálfara á varamannabekknun og aðstoðar þar eftir því sem með þarf og hefur eftirlit með því að allt fari eðlilega fram. Grípur inn í ef þjálfara er of heitt í hamsi en gætir þess að öðru leyti að trufla ekki hans störf.

e) Gerir viðeigandi ráðstafanir ef leikmenn BÍ88 verða fyrir alvarlegum meiðslum.

f) Fylgir því eftir að allur frágangur á leikstað sé félaginu og leikmönnum til sóma. Búningar eða annar fatnaður verði ekki eftir í klefum, við þá sé snyrtilega skilið og mótherjar, dómara, og vallarstarfsfólk kvatt af kurteisi og með yfirvegun, sama hvað á hefur gengið innan eða utan vallar.

Tilgangurinn með þessum vinnureglum er að efla umgjörðina, og auka öryggið og fagmennskuna í kringum öll keppnislið BÍ88. Leikmenn skulu finna að þeir séu í félagi sem lætur sér annt um þá og gerir um leið til þeirra ákveðnar kröfur. Þeir séu ekki í lausu lofti ef eitthvað kemur uppá. Um leið að styðja við bakið á þjálfurum BÍ88 og auðvelða þeim að sinna sínu starfi á leikstað án þess að þurfa að hafa áhyggjur af öðrum málum.